

Ed.

545. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 1923.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 8. gr. Á eftir 3. lið komi nýr 4. liður, svo hljóðandi:

Alt að 20 þúsund krónum til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn $5\frac{1}{2}$ % vöxtum.

Ástæður.

Þegar háttv. neðri deild ákvað að veita Gerðahreppi 20 þúsund kr. lán í fjárlögunum, lá fyrir henni ábyrgð sýslunefndar að eins fyrir 20 þús. kr.

Á nýafstöðnum sýslufundi í Hafnarfirði, 30. apríl, ákvað sýslunefndin að ábyrgjast alt að 40 þús. kr. lán fyrir Gerðahrepp, og þess vegna er tillaga þessi fram borin, enda hreppnum bráðnaðsynlegt að fá nokkurt lán á þessu ári.